



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 09. júlí 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson og Lárus Sindri Lárusson

1. Starfsmannamál

Viðtöl við umsækjendur um starf yfirþjálfara hefjast í þessari viku. Jónína og Sigurbjörn taka þessi viðtöl.

Rætt um stöðugildi fyrir almennan starfsmann, hvaða verkefnum á viðkomandi að sinna o.fl.

2. Fjármál félagsins

Farið var yfir fjármál félagsins.

3. Fasteignir

Eldvarnareftirlitið kom í gær, leiðarlýsing og neyðarlýsingu er ábótavant. Þörf er á að fá rafverktaka í málið. Úttekt á brunavarnarkerfinu verður á morgun. Slökkvitæki sem slík voru í lagi. Reykskynjarar verða prófaðir á morgun. Öryggismiðstöðin vill fá fleiri nöfn á lista yfir þá sem geta pantað þjónustu. Hermann fer á listann.

Valsteinn kom að máli við Jónínu og ræddi lýsinguna á Samskipahöllinni, Hermann tekur boltann.

Rætt um tiltekt í kringum Samskipahöllina.

4. Landsmót

Landsmótið gekk vel, mikið að sjálfboðaliðum frá Spretti á Landsmótinu, dómpallur Sprettis var notaður á kynbótasýningunni, margir Sprettarar komu að verðlaunaafhendingu, vallarstjórn o.fl. Jónína og Katla náðu aðeins að tala við fulltrúa bæjarfélaganna á Landsmótinu.

5. Fundur með Kópavogi og Garðabæ

Bæjarfélögin, Garðabær og Kópavogur, styrktu Landsmótið fjárhagslega. Stefnt er að því að halda sameiginlegan fund með Kópavogsbæ og Garðabæ eftir Verslunarmannahelgina í Spretti.

6. Fundur með Kópavogsbæ

Fundur með fulltrúa áhaldahús og íþróttafulltrúa. Fundurinn gekk vel og m.a. kom fram að það er vilji Kópavogsbæjar að vetrarþjónustan færi í fastan farveg.

Kópavogsbær vill fá að geyma nokkra gáma á „rúlluplaninu“ sem eru sjaldan notaðir. Sjálfsagt mál að samþykkja það. Stefnt er að því að plastgámarnir verði fluttir yfir á nýja „gámasvæðið“ þegar það er tilbúið.

7. Salurinn – næstu skref.

Leigan hefur gengið vel, samstarfið við Gullu og Ágústu með yfirfærslu gekk vel og erum við mjög þakklát þeim. Ákvörðun um framhaldið á salnum veður tekin í haust.

8. **Önnur mál**

3 styrktarbeiðnir vegna Norðurlandamóts hafa borist og voru þær allar samþykktar.

Fundi slitið kl. 21:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson